

Aðrir starfsmenn:

Tæknifræðingur.

Ritari.

Verkefni.

Málefni, er varða verk- og tæknimenntun á grunnskólastigi. Iðnfræðsla, iðnskólar, vélskólar, stýrimannaskólar, fiskvinnsluskóli, hjúkrunarskólar, húsmæðra-skólar, verslunarskólar, Hótel- og veitingaskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Húsmæðrakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Kennararáðningar við framangreinda skóla og orlof kennara sömu skóla. Fræðsla fullorðinna, námsflokkar, bréfaskólar, kvöldskólar, námskeið, sjónvarps- og útvarpskennsla. Starfsfræðsla og leiðbeiningar um starfsval og samstarf við aðila vinnumarkaðsins til eflingar verkmenntun, sem nýtist í atvinnulífinu.

Verkefni annarra deilda ráðuneytisins breytast í samræmi við þetta.

Í menntamálaráðuneytinu, 20. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

21. júní 1974.

Nr. 194.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eiðisgrandi verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Hringbraut.

Framangreind regla tekur gildi 28. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. júní 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

21. júní 1974.

Nr. 195.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hofsóshrepps.

Vatnsskattur.**1. gr.**

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Hofsóshrepps, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt.

2. gr.

Fyrir hvert hús, sem tengt er Vatnsveitu Hofsóshrepps, skal greiða tengigjald, sem er kr. 3 000.00 fyrir íbúðarhús og kr. 5 000.00 fyrir hús til annarrar notkunar. Auk þess skal greiða viðbótargjald kr. 1 000.00 fyrir hverja íbúð umfram eina í húsi.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

3. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mati mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.2% af framangreindu mati fyrir íbúðarhús og 0.3% fyrir aðrar fasteignir.

Lágmarks upphæð vatnsskatts fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 700.00.

Aukavatnsskattur.**4. gr.**

Auk vatnsskatts samkvæmt 3. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðapvottastöðvar, svo og vegna annarra nota, en til heimilisparfa.

5. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 500.00.

7. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa eða báta, skal vera kr. 40.00 fyrir hvern teningsmetra, þó ekki lægri en kr. 500.00 fyrir hverja afgreiðslu.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Um ábyrgð á greiðslu og fleira.**9. gr.**

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

10. gr.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hofsóshrepps nr. 104 23. júlí 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.